



Mannfjöldi gengur niður Skólavörðustíg á sjötta áratug 20. aldar. Ljósmynd: Eyjólfur Halldórsson

Sjúkrahús Hvítabandsins

White Ribbon Hospital

Hvítabandið er líknarfélag kvenna sem var stofnað 17. apríl 1895. Félagið lét byggja húsið að Skólavörðustíg 37 og var það vígt þann 18. febrúar 1934. Húsið er teiknað af Arinbjörni Þorkelssyni húsasmíðameistara. Upphaflega átti það að verða hvíldar- og hressingarheimili fyrir konur að aflokinni spítalavist, en vegna mikils skorts á sjúkrarúmum í Reykjavík var því breytt í sjúkrahús. Árið 1943 fékk Reykjavíkurborg húsið að gjöf með öllum áhöldum og innanstokksmunum. Sjúkrahús Hvítabandsins var fyrsta almenna sjúkrahúsið sem yfirvöld í höfuðstaðnum ráku.

Í kvæði sem Gísli Ólafsson frá Eiríksstöðum orti í tilefni af vígslu hússins segir meðal annars:

„Sjá hér hve orka samtök nýtra handa —
sólstafir kærleiks vekja göfugt hjarta;
fylgist þið, systur, bæði í orði og anda;
ylgeislum skreytið vetrarmyrkrið svarta.“

The White Ribbon women's charitable organisation was founded on April 17th 1895. The charity's building here at Skólavörðustígur 37, designed by master builder Arinbjörn Þorkelsson, was officially opened on February 18th 1934. It was intended to serve as a convalescent home for women after they were discharged from hospital, but due to a shortage of medical facilities in Reykjavík it was converted into a hospital. In 1943 it was presented to the City of Reykjavík together with all its fixtures, fittings and contents. The Hvítabandið hospital was the first general hospital operated by the city authorities.

A poem by Gísli Ólafsson, composed when the house was built, includes the following lines:

“See here what the united work of deft hands may achieve —
The sun-rays of love awaken a noble heart;
Go together, sisters, both in word and spirit;
With your rays of warmth decorate the darkness of the winter night.”



Borgarsögusafn Reykjavíkur
Reykjavík City Museum

